



Að færa slæmar fréttir

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins efnir til námskeiðs fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga sem sinna langveikum sjúklingum og aðstandendum þeirra.

Tvö dagsnámskeið verða í boði, þriðjudaginn 19. nóvember og miðvikudaginn 20. nóvember kl. 8.30-16.10. Námskeiðin verða haldin í húsnæði Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8.

Markmið námskeiðsins er að efla getu þátttakenda til þess að færa „slæmar“ fréttir á nærgætinn hátt. Þátttakendur munu læra að þjálfa aðferðir sem stuðla að heiðarlegum og opnum tjáskiptum, byggja upp jákvætt meðferðarsamband og viðhalda von hjá sjúklingum og aðstandendum sem horfast í augu við lífsógnandi sjúkdóm.

Námskeiðið er byggt á viðurkenndum og árangursríkum kennsluáferðum sem miða að því að efla og styðja við heilbrigðisstarfsfólk í starfi og hefur verið þróað og innleitt á Íslandi í samvinnu við EC4H - Effective Communication for Health í Skotlandi.

Leiðbeinendur

Arna Dögg Einarsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum og líknarlækningum á Landspítala.

Guðríður K. Þórðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun hjarta-sjúklinga á Landspítala.

Jón Eyjólfur Jónsson, sérfræðingur í öldrunarlækningum og lækni í líknarráðgjafarteymi Landspítala.

Kristín Lára Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur í líknarráðgjafarteymi Landspítala.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur, forstöðukona Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

Þórhildur Kristinsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum, öldrunar- og líknarlækningum á Landspítala.

Námskeiðsgjald er 8.000 kr.

Fjöldi þátttakenda á hvert námskeið er takmarkaður.

:: Smelltu hér til að skrá þig